



Afgangur af viðskiptum við útlönd og bætt erlend staða þjóðarbúsins

Á öðrum ársfjórðungi var 11,1 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd í samanburði við 4,4 ma.kr. halla á sama tíma í fyrra. Hrein erlend staða í lok fjórðungsins var 628 ma.kr. (21,8% af VLF) og batnaði um 44 ma.kr. (1,5% af VLF) á fjórðungnum.

Fyrir lá að það yrði 52,1 ma.kr. afgangur af þjónustujöfnuði, 42,7 ma.kr. halli á vöruskiptajöfnuði og því 9,4 ma.kr. afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði á fyrsta ársfjórðungi.

Afgangur af þáttatekjujöfnuði reyndist vera 8,6 ma.kr. en hallinn af rekstrarframlögum var 6,9 ma.kr. Þetta skýrir 1,7 ma.kr. meiri afgang af viðskiptajöfnuði en af vöru- og þjónustujöfnuði.

15,5 ma.kr. viðsnúningur milli ára

Þetta er 28,4 ma.kr. meiri afgangur en á fyrsta ársfjórðungi 2018 þegar afgangurinn mældist 6,7 ma.kr.

Mesta breyting milli ára var um 12,6 ma.kr. hærra verðmæti vöruútflutnings. Skýrist þetta eingöngu af gengisbreytingum, en á föstu gengi dróst vöruútflutningur saman um 5,7 ma.kr.


Þjónustujöfnuður var nokkurn vegin óbreyttur milli ára, en útflutt þjónusta og innflutt þjónusta drógust hvor um sig saman um 4 ma.kr.¹

Afgangur af frumþáttatekjum jókst síðan um 8,2 ma.kr. milli ára. Bæði jukust þáttatekjur um 6,3 ma.kr. og þáttatekjugjöld minnkuðu um 1,8 ma.kr.


52 ma.kr. afgangur á fyrri helmingi ársins

Á fyrstu sex mánuðum ársins var 52 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd. Í maíspá² okkar gerðum við ráð fyrir um 35 ma.kr. afgangi fyrir árið í heild. Þar sem 3. ársfjórðungur er yfirleitt sá fjórðungur sem kemur best út eru talsverðar líkur á að lokatala fyrir árið í heild verður betri en við spáðum í maí.

Viðskiptajöfnuður



Breyting á viðskiptajöfnuði milli 2. ársf. 2018 og 2019



¹ sjá <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-08-23-thjonustujofnudur-F2-2019.pdf>

² sjá <https://umraedan.landsbankinn.is/default.aspx?pageid=cb7bfa72-984f-4173-8e97-de528c770a4e>




Erlend staða þjóðarbúsins jákvæð um 21,8% af VLF

Samkvæmt mati Seðlabankans nam verðmæti erlendra eigna þjóðarbúsins 3.787 ma.kr. (134,5% af VLF) en verðmæti erlendra skulda 3.249 ma.kr. (112,7% af VLF) í lok fyrsta ársfjórðungs. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 628 ma.kr. (21,8% af VLF) og hefur hún aldrei mælst hærri.


Hrein staða þjóðarbúsins batnaði um 44 ma.kr. (1,5% af VLF) á fjórðungnum. Bæði erlendar eignir (+144 ma.kr.) og erlendar skuldir (+100 ma.kr.) jukust á fjórðungnum.

Hrein fjármagnsviðskipti bættu stöðuna um 9 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 61 ma.kr. vegna verðhækkana á erlendum mörkuðum og lækkunar á gengi krónunnar.

Erlend staða þjóðarbúsins



Breyting á hreinni erlendri stöðu á öðrum ársfjórðungi 2019



Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.